

# REGLUR

## UM FRAMKVÆMD VIÐSKIPTAFYRIRMÆLA

### Inngangur

Reglur þessar eru settar af stjórn Arctica Finance hf. („Arctica“) með vísan til 6. mgr. 48. gr. og 1. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, og með vísan til 64. - 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.<sup>1</sup>

### 1 Tilgangur og gildissvið

- Arctica ber við framkvæmd viðskiptafyrirmæla að leita allra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína að teknu tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkna á að af viðskiptum og uppgjöri verði, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta. Þá ber Arctica að gera ráðstafanir sem miða að sanngjarnri og skjótri framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina.<sup>2</sup> Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal fylgja fyrirmælum hans.<sup>3</sup>
- Reglur þessar gilda eingöngu um viðskipti með fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, þegar Arctica:
  - Móttækur og miðlar fyrirmælum frá viðskiptavinum.
  - Framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavina.
  - Annast eignastýringu og beinir fyrirmælum um viðskipti á grundvelli eignastýringarinnar til annarra aðila.
- Reglur þessar gilda jafnt um allar framangreindar þjónustur og um mismunandi flokka fjármálagerninga, eins og við getur átt. Eðli máls samkvæmt getur verið smávægilegur munur á framkvæmd eftir því hvers kyns fjármálagerning eða þjónustu um ræðir.
- Reglur þessar gilda um viðskipti sem Arctica framkvæmir fyrir þá viðskiptavinum sem flokkaðir hafa verið sem almennir fjárfestar eða fagfjárfestar, en gilda ekki um viðskipti sem Arctica framkvæmir fyrir viðurkennda gagnaðila nema þeir hafi krafist þess sérstaklega.<sup>4</sup>

### 2 Besta framkvæmd

- Að teknu tilliti til beinna fyrirmæla viðskiptavina, mun Arctica við framkvæmd viðskiptafyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina leita allra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína á grundvelli eftirfarandi þátta: verðs, kostnaðar, hraða, líkna á að af viðskiptum og uppgjöri verði, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta. Við framkvæmd fyrirmæla almennra fjárfesta skal við ákvörðun á bestu mögulegu niðurstöðu miða við heildargreiðslu viðskiptavinar, þ.e. verð fjármálagernings auk alls kostnaðar vegna framkvæmdar viðskiptanna, m.a. þóknana.<sup>5</sup>
- Verð og kostnaður vega alla jafna þyngst þegar leitað er bestu mögulegu niðurstöðu, en þó getur Arctica ákvarðað að aðrir þættir vegi þyngra með hliðsjón af því hvaða viðskiptavinur á í hlut,

<sup>1</sup> Sjá 11. mgr. 48. gr. laga nr. 115/2021.

<sup>2</sup> Sjá 1. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021.

<sup>3</sup> Sjá 1. mgr. 48. gr. laga nr. 115/2021.

<sup>4</sup> Sjá 2. mgr. 55. gr. laga nr. 115/2021.

<sup>5</sup> Sjá 2. mgr. 48. gr. laga nr. 115/2021.

hvernig fyrirmælum er háttað, um hvaða fjármálagerninga er að ræða eða á hvaða markaði viðskiptin fara fram.

- 2.3 Arctica mun ákvarða hlutfallslegt vægi einstakra þátta í framkvæmd viðskiptafyrirmæla í hverjum viðskiptum fyrir sig á grundvelli fyrirbyggjandi staðreynda. Ákvarðanir byggir Arctica á hæfni og reynslu starfsmanna, markaðsupplýsingum og viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem byggjast á eftirfarandi atriðum:
- a Einkenni viðskiptavinar, þ.m.t. hvort viðskiptavinur er flokkaður sem almennur fjárfestir eða fagfjárfestir.
  - b Einkenni fyrirhugaðra viðskipta.
  - c Hvers eðlis fyrirmæli viðskiptavinar eru.
  - d Einkenni þeirra fjármálagerninga sem um ræðir í viðkomandi fyrirmælum.
  - e Einkenni þeirra viðskiptastaða (markaða) sem unnt er að beina fyrirmælunum til.
- 2.4 Arctica skal ávallt vera heimilt að synja um framkvæmd einstakra viðskiptafyrirmæla, s.s. ef grunur er um að framkvæmd þeirra myndu fela í sér markaðssvik.

### 3 Viðskiptastaðir (markaðir)

- 3.1 Arctica mun eftir því sem efni standa til leggja mat á og bera saman þá niðurstöðu sem hægt væri að ná fyrir viðskiptavin á sérhverjum viðskiptastað sem í boði eru með hliðsjón af þeim vörum sem það stundar viðskipti með til að ákvarða hvaða viðskiptastaðir henta best til að Arctica geti sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja viðskiptavinum sínum bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla. Í matinu skal tekið tillit til þóknana Arctica og þess kostnaðar sem hlýst af framkvæmd fyrirmæla á hverjum viðskiptastað fyrir sig.<sup>6</sup>
- 3.2 Arctica skiptir ekki umboðslaunum sínum, gerir þau upp eða þiggur afslætti á þann hátt að viðskiptastöðum sé mismunað. Arctica tekur ekki við endurgjaldi, afslætti eða ófjárhagslegum ávinningi fyrir að beina fyrirmælum viðskiptavinar til tiltekins viðskiptavettvangs eða viðskiptastaðar, sem væri andstætt reglum Arctica um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekkstrum eða lögum.<sup>7</sup>
- 3.3 Við framkvæmd viðskiptafyrirmæla er Arctica heimilt að nota hvern þann viðskiptastað, einn eða fleiri, sem tilgreindur er hér að neðan:
- a Skipulegur markaður (SM).
  - b Markaðstorg fjármálagerninga (MTF).
  - c Skipulegt markaðstorg (OFT).
  - d Innmiðlari (ef við á).
  - e Markaðsvaki.
  - f Annar aðili sem útvegar seljanleika.
  - g Aðili sem gegnir sambærilegu hlutverki í þriðja landi og framangreindir aðilar.

<sup>6</sup> Sjá 3. og 6. mgr. 48. gr. laga nr. 115/2021.

<sup>7</sup> Sjá 4. mgr. 48. gr. laga nr. 115/2021.

- 3.4 Á eftirfarandi listum eru tilgreindir þeir viðskiptastaðir sem Arctica reiðir sig einkum á við framkvæmd viðskiptafyrirmæla (FV) og við móttöku og miðlun fyrirmæla (MV):

Viðskiptastaður (FV)	Hlutabréf	Skuldabréf/Víxlar	Tegund
NASDAQ Iceland	X	X	SVM
First North Iceland	X	X	MTF

Viðskiptastaður (MV)	Hlutabréf	Skuldabréf/Víxlar	Tegund
New York Stock Exchange	X		SVM
Nasdaq Stock Market	X		SVM
London Stock Exchange	X		SVM
Alternative Investment Market (AIM)	X		MTF
Nasdaq Copenhagen	X		SVM
Oslo Stock Exchange	X		SVM
Toronto Stock Exchange	X		SVM
Pareto Securities	X		M
PGM Global	X		M
Leerink Partners	X		M

SVM = Skipulegur verðbréfamarkaður

MTF = Markaðstorg fjármálagerninga

M = Miðlari/miðlun

- 3.5 Þjóði Arctica viðskiptavini að velja viðskiptastað skal veita sanngjarnar, skýrar og ekki villandi upplýsingar til að koma í veg fyrir að viðskiptavinur velji einn viðskiptastað umfram annan eingöngu á grundvelli þeirrar verðstefnu sem Arctica beitir.<sup>8</sup>
- 3.6 Þegar viðskiptavinur gefur skilyrt fyrirmæli vegna hlutabréfa sem eru í viðskiptum á viðskiptavettvangi sem, vegna markaðsaðstæðna, er ekki hægt að framkvæma jafn skjótt og þau berast, skal Arctica leitast við að fyrirmælin verði framkvæmd eins fljótt og mögulegt er með því að birta þau samstundis þannig að þau séu aðgengileg öðrum markaðsaðilum. Arctica getur sinnt þessari skyldu sinni með miðlun fyrirmælanna til viðskiptastaðar.<sup>9</sup>
- 3.7 Arctica getur ákvarðað að nauðsynlegt sé, í undantekningartilvikum til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, að framkvæma fyrirmælin utan viðskiptavettvangs.
- 3.8 Arctica er skylt að afla samþykkis viðskiptavina fyrir fram ef viðskiptafyrirmæli eru framkvæmd utan viðskiptavettvangs. Með því að samþykkja reglur þessar samþykkir viðskiptavinur sérstaklega að Arctica sé heimilt að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan viðskiptavettvangs í undantekningartilvikum, telji Arctica það nauðsynlegt til að tryggja að viðskiptin nái fram að ganga. Viðskipti með fjármálagerninga sem ekki hafa verið teknir til viðskipta á viðskiptavettvangi fara eðli málsins samkvæmt ávallt fram utan viðskiptavettvangs. Ávallt er til staðar ákveðin áhætta af því að eiga viðskipti utan viðskiptastaðar, s.s. mótaðilaáhætta.

<sup>8</sup> Sjá 5. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>9</sup> Sjá 3. mgr. 49. gr. laga nr. 115/2021 og 1. mgr. 70. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

- 3.9 Þegar fyrirmæli eru framkvæmd eða ákvörðun er tekin um að eiga viðskipti með afurðir utan viðskiptavettvangs, þ.m.t. sérsniðnar afurðir, skal Arctica kanna sanngirni verðsins sem lagt er til við viðskiptavininn með því að afla markaðsgagna sem notuð eru til að meta verð slíkra afurða og, þegar unnt er, gera samanburð við svipaðar eða sambærilegar afurðir.<sup>10</sup>
- 3.10 Til að tryggja bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskiptafyrirmæla, mun Arctica hverju sinni velja viðskiptastað sem fellur best að viðmiðum um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og með hliðsjón af hlutfallslegu mikilvægi einstakra þátta við framkvæmd þeirra viðskiptafyrirmæla sem um ræðir hverju sinni. Arctica áskilur sér rétt til að notast við aðra viðskiptastaði en þá sem tilgreindir eru að framan ef það auðveldar Arctica að tryggja viðskiptavininum bestu mögulegu niðurstöðu. Mæli viðskiptavinur hins vegar fyrir um ákveðna framkvæmd skal Arctica fylgja fyrirmælum hans.

#### 4 Meðferð viðskiptafyrirmæla

- 4.1 Viðskiptafyrirmæli viðskiptavina skulu skráð og þeim úthlutað án tafar og af nákvæmni.<sup>11</sup>
- 4.2 Arctica skal, svo fljótt sem verða má eftir móttöku, beina viðskiptafyrirmælum í réttan farveg og leitast við að ná bestu framkvæmd þeirra til samræmis við reglur þessar. Annist Arctica uppgjör eftir framkvæmd viðskipta skal þess gætt að fjármálagerningum eða fjármunum sem veitt er viðtaka sé komið til skila svo fljótt sem verða má inn á reikning viðskiptavinar.<sup>12</sup>
- 4.3 Viðskiptafyrirmæli skulu almennt vera framkvæmd í þeirri röð sem þau berast. Víkja má frá þessu ef hagsmunir viðskiptavinar krefjast, svo sem þegar um stór eða umfangsmikil viðskipti er að ræða. Nauðsynlegt getur verið að víkja frá forgangsröð fyrirmæla ef um er að ræða ákveðin (skilyrt) viðskiptafyrirmæli. Hið sama á við ef viðskiptafyrirmæli berast Arctica með ólíkum hætti eða ógerlegt er að sinna þeim í þeirri röð sem þau berast vegna eðlis viðskiptafyrirmælanna eða ríkjandi markaðsaðstæðna.
- 4.4 Tilkynna skal almennum fjárfesti um öll veruleg vandkvæði sem varða tilhlýðilega framkvæmd fyrirmæla um leið og vandkvæðin koma í ljós.
- 4.5 Starfsfólk Arctica skal ekki misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar og Arctica gerir allar eðlilegar ráðstafanir til að hindra að nokkrir viðkomandi aðilar þess misnoti slíkar upplýsingar.

#### 5 Ákveðin fyrirmæli viðskiptavinar

- 5.1 Mæli viðskiptavinur fyrir um ákveðna framkvæmd viðskiptafyrirmæla mun Arctica fylgja fyrirmælum hans og framkvæma viðskiptin í samræmi við þau að svo miklu leyti sem hægt er. Nái ákveðin fyrirmæli einungis til takmarkaðs þáttar af framkvæmdinni, mun Arctica framkvæma aðra þætti á grundvelli reglna þessara.
- 5.2 Viðskiptafyrirmæli sem gefin eru með beinum rafrænum aðgangi, (e. *direct electronic access*)<sup>13</sup> í samræmi við samning Arctica við viðskiptavin, teljast ávallt vera ákveðin fyrirmæli viðskiptavinar.
- 5.3 Viðskiptavini Arctica er ljóst að með því að gefa ákveðin fyrirmæli um framkvæmd tiltekinna viðskipta er Arctica hugsanlega knúið til að víkja frá þeim reglum og viðmiðum sem fram koma í reglum þessum og sett eru til að ná bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd viðskipta.

#### 6 Móttaka og miðlun fyrirmæla

- 6.1 Mæli viðskiptavinur ekki fyrir um annað og sé það til hagsbóta fyrir viðskiptavin, er Arctica

<sup>10</sup> Sjá 4. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>11</sup> Sjá a-lið 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>12</sup> Sjá 2. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>13</sup> Sjá 27. gr. laga nr. 115/2021 og grein 4.9 í aðildarreglum Nasdaq OMX á Íslandi.

heimilt að miðla fyrirmælum hans um framkvæmd viðskipta til annarra starfseininga innan Arctica eða til þriðja aðila, verðbréfafyrirtækis eða lánastofnunar (fjármálafyrirtæki), til að framkvæma fyrirmælin. Við slíka miðlun skal Arctica gæta þess að aðgerðir þess þjóni hagsmunum viðskiptavinar og leggja til grundvallar hlutfallslegt mikilvægi allra þátta sem koma fram í reglum þessum og viðmið um framkvæmd viðskiptafyrirmæla.

- 6.2 Miðli Arctica fyrirmælum í samræmi við grein 6.1, er það sá aðili sem fyrirmælunum er miðlað til sem ákvarðar með hvaða hætti fyrirmælin skuli framkvæmd. Arctica velur þann sem, að mati Arctica, er líklegastur til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin hverju sinni. Arctica sendir aðeins fyrirmæli til aðila sem Arctica telur að geti uppfyllt kröfur um bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavin.

## 7 Truflun á markaði

- 7.1 Verði truflun á markaði, eða í kerfum sem notuð eru vegna beins rafræns aðgangs (e. *direct electronic access*),<sup>14</sup> getur verið ómögulegt eða óviðeigandi að framkvæma viðskiptafyrirmæli í samræmi við þá verkferla sem lýst er í reglum þessum. Arctica mun í slíkum tilvikum, eftir bestu getu, leita allra eðlilegra leiða til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína, að teknu tilliti til truflunarinnar.

## 8 Samsöfnun viðskiptafyrirmæla

- 8.1 Arctica er heimilt, en ekki skylt, að safna saman viðskiptafyrirmælum mismunandi viðskiptavina og heimila því fjármálafyrirtæki sem Arctica kann að miðla fyrirmælum til að safna saman fyrirmælum frá Arctica við fyrirmæli annarra viðskiptavina og/eða viðkomandi fjármálafyrirtækis. Arctica framkvæmir ekki viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar með því að safna þeim saman með öðrum fyrirmælum viðskiptavinar nema ólíklegt sé að viðkomandi samsöfnun fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast óhagstæð nokkrum viðskiptavini sem fyrirmæli sem setja á í safnið tilheyra.<sup>15</sup>
- 8.2 Með vísan til greinar 8.1 mun Arctica úthluta til viðskiptavina úr slíkum samsöfnunum á eðlilegan og sanngjarnan máta. Þegar samsöfnuð fyrirmæli hafa verið framkvæmd er meginreglan sú að viðskiptum sé úthlutað þannig að viðskiptavinir fá úthlutað hlutfallslega í samræmi við viðskiptafyrirmælin sín. Ef samsöfnuð fyrirmæli eru ekki öll framkvæmd á sama verði, skal Arctica heimilt að reikna út það meðalverð sem fékkst í viðskiptunum við úthlutun til viðskiptavina. Sama gildir í þeim tilvikum þar sem aðeins næst að framkvæma samsöfnuð fyrirmæli að hluta. Að beiðni viðskiptavinar mun Arctica láta í té viðeigandi upplýsingar um útreikning á meðalverði.<sup>16</sup>
- 8.3 Viðskiptavinum er bent á að samsöfnun fyrirmæla getur leitt til óhagstæðrar niðurstöðu fyrir viðskiptavini í einstökum tilvikum.

## 9 Upplýsingagjöf

- 9.1 Arctica skal árlega birta opinberlega, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit yfir fimm helstu viðskiptastaði með tillit til umfangs viðskipta síðastliðið ár og upplýsingar um gæði framkvæmdar. Jafnframt skal Arctica birta opinberlega, fyrir hvern flokk fjármálagerninga, yfirlit um fimm mikilvægustu verðbréfafyrirtækin út frá viðskiptamagni sem það sendi, eða lagði fram hjá, fyrirmæli viðskiptavina til framkvæmdar á næstliðnu ári og upplýsingar um gæði framkvæmdarinnar.<sup>17</sup>
- 9.2 Gjöld vegna framkvæmdar fyrirmæla kunna að vera mismunandi eftir því hvar viðskiptin eru

<sup>14</sup> Sjá grein 4.9 í aðildarreglum Nasdaq OMX á Íslandi.

<sup>15</sup> Sjá a-lið 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>16</sup> Sjá c-lið 1. mgr. og 2. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>17</sup> Sjá 6. mgr. 65. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

framkvæmd, og um það vísast til gjaldskrár sem er ávallt aðgengileg á heimasíðu Arctica, [www.arctica.is](http://www.arctica.is).<sup>18</sup>

- 9.3 Leggi viðskiptavinur fram réttmætar og hæfilegar beiðnir til Arctica um upplýsingar um stefnur og fyrirkomulag Arctica, um hvernig endurskoðun þess fer fram eða um aðila sem fyrirmæli eru send til eða lögð fram hjá, skal Arctica svara með skýrum hætti innan hæfilegs frests.<sup>19</sup>
- 9.4 Þegar Arctica hefur framkvæmt fyrirmæli fyrir hönd viðskiptavinar, önnur en um eignastýringu, mun félagið haga upplýsingagjöf til viðskiptavinar í samræmi við ákvæði 59. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.
- 9.5 Reglur þessar skulu birtar á vefsíðu Arctica, [www.arctica.is](http://www.arctica.is).<sup>20</sup>

## 10 Eftirlit og endurskoðun

- 10.1 Arctica mun hafa eftirlit með því að reglur þessar séu í samræmi við lög og almennt með framkvæmd þeirra og skilvirkni, sem og að fyrirmæli séu framkvæmd í samræmi við reglurnar. Verði starfsmenn þess varir að viðskipti hafi átt sér stað í andstöðu við reglur þessar skulu þeir gera framkvæmdastjóra eða regluverði viðvart.
- 10.2 Arctica er heimilt að breyta reglum þessum einhliða hvenær sem er. Reglur þessar og fyrirkomulag Arctica við framkvæmd fyrirmæla skulu endurskoðuð a.m.k. árlega. Arctica mun jafnframt endurskoða reglur þessar og fyrirkomulag við framkvæmd fyrirmæla í hvert skipti sem veruleg breyting<sup>21</sup> verður sem hefur áhrif á getu Arctica til að ná áframhaldandi besta mögulega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina Arctica.
- 10.3 Arctica mun tilkynna viðskiptavinum um allar efnislegar breytingar sem gerða verða á framkvæmd fyrirmæla eða reglum þessum með því að birta nýjar eða breyttar reglur á heimasíðu félagsins. Með því telst Arctica hafa uppfyllt upplýsingaskyldu sína samkvæmt reglum þessum.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar þann 23. október 2009 og breytt þann 11. nóvember 2014, 24. febrúar 2022 og 24. mars 2026.

<sup>18</sup> Sjá 4. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>19</sup> Sjá 6. mgr. 65. gr. og 8. mgr. 66. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

<sup>20</sup> Sjá [www.arctica.is/upplýsingar/besta-framkvaemd](http://www.arctica.is/upplýsingar/besta-framkvaemd).

<sup>21</sup> Með verulegri breytingu er átt við mikilvægan atburð sem gæti haft áhrif á viðmið um bestu framkvæmd, s.s. kostnað, verð, hraða, líkur á framkvæmd og uppgjöri, stærð, eðli eða aðra þætti sem skipta máli fyrir framkvæmd fyrirmælanna.